

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. desember 2020 til íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, vegna auglýsingar um tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Kvosin, Landsímareitur.**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Kvosin, Landsímareitur birtist í Frétta- og Lögbirtingablaðinu á morgunn miðvikudaginn 2. desember nk. Tillagan er í kynningu frá 2. desember 2020 til og með 11. janúar 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð.

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kvosin-landsimareitur-1>

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 11. nóvember 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. nóvember 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, Landsímareits. Í breytingunni felst að heimildum fyrir gerð kjallara og nýtingu efri hæða aðlægt Vallarstræti er breytt að hluta til, einnig er bætt við byggingareit fyrir sólstofu á 5. hæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **2. desember 2020 til og með 11. janúar 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 11. janúar 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,  
Þuríður Guðmundsdóttir  
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa skipulagsfulltrúa  
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík  
Sími: 411-1111 - Netfang: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)